

Stjórnarfundur fundargerð 7.9.2019

Staðsetning:	Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo
Dagsetning:	07.09.2019
Fundar tími:	12:45
Fundi slitið:	13:45
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (IOI), Ritari - Björn (BH) og Með stjórnandi - Rebekka (RI). Voru til staðar allan fundinn. Sóknarprestur - sr. Inga (IH) var með til fundarloka.

Dagskrá

- 1 Samþykkt á fundargerð síðasta fundar.
- 2 Fjármál.
- 3 Staða meðlimaskrár safnaðarins
- 4 Tryggingarmál og lífeyrissjóðsmál
- 5 Önnur mál

Umræður

1. BH les fundargerð frá 12. júní og 7. ágúst. Báðar fundargerðir samþykktar með smávægilegum leiðréttingum.
2. IOI fer yfir fjármál safnaðarins. 1.002,600 krónur á rekstrarreikningi. Upp ein milljón á sparireikningi og eins á öðrum sparireikningi. Átta sveitarfélög hafa enn ekki greitt frá því 2018. Sveitarfélögin greiða um það bil 55 % af sóknargjöldunum, ríkið greiðir restina.
3. JMA skýrir frá: Meðlimaskráin er enn ekki komin til safnaðarins. Rúnar Sigríksson sendi inn leiðréttingu, en ekki er vitað hvernig það kom niður. Kæran á hendur honum var felld niður hjá lögreglunni, lögfræðingur gengur í málið til endurupptöku. Datatilsynet og Brønnøysundregister munu líklega koma inn í málið með lögfræðilegt álit. Málið verður væntanlega tekið upp á grundvelli brots á persónuverndarlögum í næsta skrefi.

Þá verður lögreglan að taka upp málið að nýju vegna alvarleika þess. Brønnøysundregister gæti líka lagt fram kæru á Rúnar. Samþykkt að láta lögfræðinginn halda málinu áfram. Fagmennskan verður að vera í fyrrirúmi í þessu máli sem og öðrum.

4. Tryggingarmál og lífeyrissjóðsmál: Komið tilboð frá Storebrand (persónutryggingar) heilsutryggingar, örorkutryggingar og ferðatryggingar fyrir Ingu og Margréti, sem og lögbundnar tryggingar. Lífeyrissjóður 2,8% fer í pensjonsfond. Nýtt tilboð fengið fyrir húseignir, en athuga þarf betur einstaka hluti með sérstakt verðmæti (píanó, listaverk og annað t.d. prestklæði). 150.000 í innbústryggingu, 50.000 fyrir píanó og sitthvað fleira. Silfurstjakar og kaleikar kosta mikið. Margrét sett í að meta málverk og aðra muni og tilkynna til tryggingarfélagsins, Inga aðstoðar við verkið.
5. Staða húsnæðis: BH greinir frá að Bravida Norge AS og Gunnar Kind séu í sambandi, áætlaður kostnaður verksins er um 25.000 kr plús vaskur. Bravida gengur frá pappírsvinnslu til Oslo kommune Plan og Bygg. BH athugar hvernig frágangur er áætlaður við verkið.

6. Önnur mál.

Sr. Inga er komin í samband við tengiliði í Stavanger, Bergen og Prándheimi, og Kristjánsand (KS). Margrét setur saman lista yfir tengiliðina. Koma á netfundi við þessa aðila með tímanum þegar listinn er tilbúinn. Koma þarf á sambandi milli æskulýðshópanna við íslendingafélögin (RS).

JMA vill að deila fleirum verkefnum stjórnarinnar á milli okkar. Of mörg verkefni hafa fallið á formann og gjaldkera í sumar. Allir eru sammála um að mikið hafi mætt á þeim tveimur.

Stjórnarmeðlimir eiga að sækja sjálf um sakavottorð, annaðhvort hjá lögreglu eða altinn og sýna það.

Anna lögfræðingur verður beðin um að vera fastur lögfræðingur safnaðarins

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
Stjórnarmeðlimir sækja um og sýna sakavottorð	Allir		
Anna valinn sem fastur lögfræðingur safnaðarins	Allir		

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Sækja um sakavottorð	Allir	Sem fyrst		
Deila niður verkefnum	Allir	Sem fyrst		
Vinna að tengingu æskulýðshópa við íslendingafélögin	RS	Haut 2019		
Koma á netfundi með tengilðum úti á landi	?	Pegar listi liggur fyrir		
Athuga frágang loftræstinakerfis	BH	Sem fyrst		
Kæra á hendur Rúnars	JMA, IOI	Sem fyrst		